



Fundargerð		
Yfirskrift / efni:	6. fundur stjórnar KLÍ 2014-2015	
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ	
Hvenær:	Fimmtudaginn 29. janúar 2015 kl 17:30	
Þátttakendur:	Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) ÍR Jón Grímsson (JG) ÍR Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) ÍR Theódóra Ólafsdóttir (TÓ) KFR	Formaður Gjaldkeri Ritari Meðstjórnandi
Boðuð forföll:	Höskuldur Þór Höskuldsson (HPH) KR Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) ÍR Karenina Kristín Chiodo (KKC) ÍFH	Varaformaður 2. varamaður 3. varamaður
Fjarverandi:		
Fundarritari:	JÁJ	

Dagskrá fundar

Fundargerð	1
Staðfesting á fundargerð síðasta fundar	1
Þing KLÍ 2015	1
Innleiðing reglna WTBA og breyting á reglum KLÍ.....	1
EYC2016 – vinnuhópar	2
Íþróttasjónvarpsstöð (Dóra).....	2
Önnur mál.....	2
Gátlisti dómara.....	2
Merki ýmissa aðila á vefnum.....	2

Fundargerð

Staðfesting á fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 5. stjórnarfundar staðfest.

Þing KLÍ 2015

Þing er sett á þriðjudaginn 5. maí 2015. Senda þarf uppl. á KR sem eiga að sjá um þingið í ár. Auglýsa þarf þingið 6 vikum fyrir þing í síðasta lagi. Athuga þarf með skilafrest o.fl. fyrir þingið þannig að dagsetning þarf að vera klár.

Innleiðing reglna WTBA og breyting á reglum KLÍ

ÞMP sat fund með vinnuhópi um breytingar / aðlögun reglna. Fundargerð frá hópnum er hjá ÞMP, þarf að fá svör við ýmsum málum frá systursamböndum okkar á norðurlöndum. Svo á að kynna þetta fyrir stjórn KLÍ og síðar formannafund áður en þing verður. Innleiða breytingar sem þarf á næsta þingi.

EYC2016 – vinnuhópar

Rétt um ár í þennan viðburð. Vinna þarf mál nokkuð hratt og örugglega. Setja þarf upp nokkra vinnuhópa. Sérstaklega þarf að koma af stað tölvuhóp til að koma upp vefsíðu mótsins o.fl. Fjárhagshóp þarf að setja saman, mótsstjórn þarf að setja á laggirnar (Valgeir í forsvari?). Gjafir, það þarf að huga að þessu. Setja inn frétt á kli.is varðandi að fá fólk til starfa í nefndir, JÁJ sér um það. Markaðsmál, flutningar og viðburðir, tölvumál og almennir sjálfboðaliðar.

Íþróttasjónvarpsstöð (Dóra)

TÓ fór á fund um stofnun íþróttasjónvarpsstöðvar. Leggur fyrir kynningarbréf frá Viðari Garðarssyni og Einari Karli Birgissyni frá SportTV. TÓ líst ágætlega á þetta en skynjaði að þetta sé ekki alveg úthugað hjá aðilunum.

ÞMP nefnir að aðstaða keilunnar er í óvissu eins og er með aðstöðu svo það er erfitt að fara út í samninga eins og er. Þó heyrir að það er áhugi á að koma umfjöllun um keiluna að víðar.

KLÍ eru ekki í neinni stöðu til að skaffa efni fyrir sjónvarpsstöð með þessari uppsetningu. Lagt til að skoða þetta í rólegheitunum og sjá hvernig þetta fer af stað. Mætti hugsanlega reyna að gera slíkt í samvinnu eð þeim sem tekur við rekstri Keiluhallarinnar.

Stutt í að tímabil okkar klárast svo að málið er sett á smá bið og til nánari skoðunar síðar og þá helst að fá betri kynningu frá þessum aðilum.

Önnur mál

Gátlisti dómara

JÁJ þarf að setja upp gátlistann sem ÞMP er búinn að semja. Setja þetta á vefinn.

Merki ýmissa aðila á vefnum

Uppfæra merki ýmissa félaga á vefnum. Vera í samstarfi við Þórhall ef þess þarf.

Fundi slitið kl. 18:50